

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 31. október 2019

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um gjaldfrjálsar krabbameinsmeðferðir, 37. mál**

Þann 17. október sl. sendi Velferðarnefnd Alþingis Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) til umsagnar tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar krabbameinsmeðferðir.

SÍ taka undir það að kostnaður við krabbameinsmeðferð er mörgum þungur baggi. Það sama á einnig við um marga sem kljást við aðra alvarlega sjúkdóma.

Tilgangur greiðsluþáttökukerfis vegna læknishjálpar og þjálfunar annars vegar og lyfja hins vegar var sá að tryggja réttlátari, einfaldari og gagnsærri þátttöku einstaklinga í kostnaði vegna lyfja og annarrar heilbrigðisþjónustu. Hluti af því var að tryggja sömu greiðsluþáttöku óháð sjúkdómum. Þeir sem þjást af sjaldgæfum sjúkdómum, sem oft eru ekki síður alvarlegir en þeir sem algengari eru, eiga sér ekki alltaf talsmenn og er þá hættu á að þeir öðlist minni rétt en aðrir til greiðsluþáttöku. SÍ telja því mjög varasamt að taka upp sérreglur vegna einstakra sjúkdóma og skapa þannig mismunun á sjúklingahópum.

Á það skal bent að þegar greiðsluþáttökukerfi vegna læknishjálpar og þjálfunar, sem tók gildi 1. maí 2017, var í undirbúningi, var rætt um að skoða hvort sameina ætti það og greiðsluþáttökukerfi vegna lyfja, eftir að reynsla væri fengin af kerfinu. Slík skoðun hefur enn ekki farið fram en mögulega gæti slík sameining komið sér vel fyrir umræddan sjúklingahóp. Þess ber þó að geta að almennt er kostnaður sjúklinga vegna krabbameinslyfja ekki mikill en það getur fallið til einhver kostnaður vegna ýmissa stoðlyfja.

Greiðsluþáttökukerfi vegna læknishjálpar og lyfja ná ekki til hjálpartækja en reglugerð nr. 1155/2013 um styrki vegna hjálpartækja nær til styrkja til kaupa á hjálpartækjum vegna krabbameins. Þar má nefna m.a. hárkollur og sérsniðin höfuðföt með fastri styrkuppþæð á ári. Skv. reglugerðinni er styrkurinn nú hámark 77.000 kr. á ári, óháð því hvort um er að ræða hárkollur, sérsniðin höfuðföt, gerviaugabrunir eða augnhár. Á það skal bent að styrkuppþæð hefur ekki breyst frá því í desember 2008 og er unnt að koma til móts við krabbameinssjúka með því að hækka styrkina. Þá vilja SÍ leggja áherslu á mikilvægi þess að fastar styrkuppþæðir, þar sem þær koma fyrir í reglugerð um hjálpartæki, séu endurskoðaðar reglulega.



**Sjúkratryggingar  
Íslands**

Hvað ferðakostnað varðar þá taka SÍ þátt í ferðakostnaði þeirra sem þurfa að ferðast milli landshluta, til að fá meðferð vegna krabbameins, sbr. reglugerð nr. 871/2004. Hluti sjúklings í slíkri ferð er hámark 1.500 kr. og ef hluti hans fer yfir 10.000 kr. á 12 mánaða tímabili skal greiðsluhluti hans aldrei verða hærri en 500 kr. í hverri ferð, það sem eftir er tímabilsins.

Með vísan til framangreinds er það mat SÍ að mikilvægt sé að hafa tilgang greiðsluþáttökukerfanna (réttlátt, einfalt og gagnsætt kerfi) í fyrirrúmi og mælir stofnunin eindregið gegn því að settar verði mismunandi reglur eftir tegund sjúkdóma. Hins vegar telur stofnunin rétt að breyta reglugerð um styrki vegna hjálpartækja á þann hátt að styrkir verði hækkaðir. Jafnframt leggur stofnunin til að hafin verði vinna við að meta kosti þess að sameina greiðsluþáttökukerfi lyfja við almenna greiðsluþáttökukerfið með það að augnamiði að jafna rétt sjúklinga, óháð þeirri tegund þjónustu sem þeir þurfa á að halda.

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

Ingibjörg K. Þorsteinsdóttir,  
sviðsstjóri Tryggingasviðs